

Nd.

242. Breytingartillögur

[107. mál]

við frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá Pétri Ottesen.

Á eftir 11. gr. kemur ný gr., svo hljóðandi:

Auk þeirrar aðstoðar bátaútveginum til handa, er felst í ákvæðum 1.—11. gr., skulu honum á árinu 1949 veitt gjaldeyrishlunnindi þau, er hér fara á eftir:

1. Veita skal gjaldeyris- og innflutningsleyfi fyrir 10 millj. króna af þeim erlenda gjaldeyri, sem fæst fyrir hraðfrystan og saltaðan fisk svo og hrogn, gegn viðbótargjaldi, er nemi 100% af leyfisfjárhæð. Veita skal $\frac{1}{4}$ hluta þessara leyfa á hverjum ársfjórðungi. Gjald þetta skal viðskiptanefnd innheimta við afhendingu leyfanna.

Leyfi fyrir gjaldeyri þessum má ekki veita til innflutnings á þeim vörum, sem verðlagsvísitalan tekur til, nema því aðeins að færðar séu sönnur á, að slíkur innflutningur valdi ekki hækkun á vísitölunni.

2. Forgangsrétt til að fá gjaldeyris- og innflutningsleyfi samkvæmt tölul. 1 hafa þeir, er innflutningsverzlun reka jafnframt bátaútgerð.
3. Fjárhæð sú, sem inn kemur fyrir leyfi þau, er hér um ræðir, skal renna til útvegsmanna þeirra báta, er þorskveiðar stunda, svo og hlutarsjómannanna á slíkum bátum, og skal viðskiptanefndin greiða Fiskifélagi Íslands $\frac{1}{4}$ hluta fjárhæðarinnar í lok hvers ársfjórðungs. Fiskifélagið skiptir síðan fénu milli þeirra aðila, er hér eiga hlut að máli, í hlutfalli við verðmæti afla hvers um sig, eftir nánari reglum, er ráðherra setur, að fengnum tillögum Fiskifélagsins.